

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 967/2009

2014/EES/12/37

frá 15. október 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr 1418/2007 um útflutning á tilteknum tegundum úrgangs til endurnýtingar til tiltekinnna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 37. gr.,

að höfðu samráði við hlutaðeigandi lönd,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórninni hafa borist svör frá Svartfjallalandi, Nepal, Serbíu og Singapúr við skriflegri beiðni sinni um að fá skriflega staðfestingu á því að flytja megi út úrgang, sem er tilgreindur í III. viðauka eða III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og sem útflutningur á er ekki bannaður skv. 36. gr. hennar, frá Bandalaginu til endurnýtingar í þessum löndum og um að fá upplýsingar um þá eftirlitsaðferð sem verður hugsanlega notuð í viðtökulandinu. Framkvæmdastjórninni hafa einnig borist frekari upplýsingar í tengslum við Hong Kong, Indónesíu og Úkraínu. Því ber að breyta viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1418/2007⁽²⁾ til að taka tillit til þess.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Catherine ASHTON

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 271, 16.10.2009, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2014 frá 14. febrúar 2014 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 316, 4.12.2007, bls. 6.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1418/2007 komi eftirfarandi:

„1. gr. a

Þau svör sem bárust í kjölfar skriflegrar beiðni framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006, eru tilgreind í viðaukanum.

Ef tilgreint er í viðaukanum að land, að því er varðar tiltekinn tilflutning úrgangs, hvorki banni hann né beiti málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki eins og lýst er í 35. gr. þeirrar reglugerðar, skal 18. gr. þeirrar reglugerðar gilda, að breyttu breytanda, um slíkan tilflutning.“

2. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda á gildistökuþegi.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1418/2007 er breytt sem hér segir:

1. Í stað færslunnar fyrir Hong Kong, sem varðar úrgangskóðann B3010, komi eftirfarandi:

„Hong Kong

a	b	c	d
		undir B3010: etýlen — stýren — pólýprópýlen — pólýetýlenterépalat — akrýlnítríl — bútadíen — pólýamíð — pólýbútýlenterépalat — pólýkarbónöt — pólýfenýlensúlfíð — akrýljfjöllidur — pólýúretan (sem inniheldur ekki klórflúorkolefni) — pólýsíloxön — pólýmetýlmetakrýlat — pólývínýlalkóhól — pólývínýlbútýral — pólývínýlasetat hertur resínúrgangur eða afurðir fengnar með þéttingu, m.a. eftirfarandi: — úreaformaldehýðresín — fenólformaldehýðresín — melamínformaldehýðresín — epoxýresín — alkýðresín — pólýamíð	undir B3010: — pólýasetöl — pólýeterar — alkön C10–C13 (mýkiefni) — perflúoretýlen/própýlen (FEP) — perflúoralkoxýlalkan — tetraflúoretýlen/perflúorvínyleter (PFA) — tetraflúoretýlen/perflúormetýlvínyleter (MFA) — pólývínýlflúoríð (PVF) — pólývínýlidenflúoríð (PVDF) ^{cc}

2. Færslunni fyrir Indónesíu er breytt með tilliti til eftirfarandi úrgangs:

„Indónesía

a	b	c	d
			B3010
			B3030
			B3035
			B3130
			Plastúrgangur í föstu formi GH013 391530 Vínil- klórffjöllidur úr 3904 10-40 ^{cc}

3. Á eftir færslunni fyrir Moldóvu (Lýðveldið Moldóvu) bætist eftirfarandi færsla við:

„Svartfjallaland

a	b	c	d
B3140			
GC010			
GC020			
	allur annar úrgangur sem er tilgreindur í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 ⁶⁶		

4. Á eftir færslunni fyrir Marokkó bætist eftirfarandi færsla við:

„Nepal

a	b	c	d
			B3020 ⁶⁶

5. Á eftir færslunni fyrir Rússland (Rússneska sambandsríkið) bætist eftirfarandi færsla við:

„Serbía

a	b	c	d
	B1010-B3020		
undir B3030: — notaður fatnaður og aðrar notaðar textílvörur	undir B3030: allur annar úrgangur		
	B3035		
B3040			
	B3050-B3070		
B3080			
	B3090-B4030		
	GB040		
GC010			
GC020			
	GC030-GN030 ⁶⁶		

6. Á eftir færslunni fyrir Seychelles-eyjar bætist eftirfarandi færsla við:

„Singapúr

a	b	c	d
			B1010
			B1020
			B1150
			B1200
			undir B2040: gjall frá koparframleiðslu, efnafræðilega stöðgað og járnrikt (yfir 20% járninnihald) og unnið í samræmi við iðnaðarforskriftir (t.d. DIN 4301 og DIN 8201), einkum ætlað til notkunar í byggingar og til notkunar við slípun
			undir B3010: plastúrgangur í föstu formi, sem er framleiddur samkvæmt forskrift, svo fremi hann sé ekki blandaður öðrum úrgangi
			undir B3020: eftirfarandi efni, svo fremi þau séu ekki blönduð hættulegum úrgangi: úrgangur og rusl úr pappír eða pappa úr: — óbleiktum pappír eða pappa eða úr bylgjupappír eða -pappa — annars konar pappír eða pappa, að mestu úr bleiktu, efnafræðilega unnu mauki, ekki gegnlitaður — pappír eða pappa, að mestu úr vélunnu mauki (t.d. dagblöð, tímarit og áþekkt prentað efni) — annað, þ.m.t. en ekki einvörðungu plasthúðaður pappi“

7. Í stað færslunnar fyrir Úkraínu komi eftirfarandi:

„Úkraína

a	b	c	d
		B1010 nema: krómrusl	
		B1020-B1030	
		B1040-B1090	
		B1100 nema: gjall frá koparvinnslu, ætlað til frekari vinnslu eða hreinsunar, sem inniheldur ekki arsen, blý eða kadmíum í þeim mæli að fram komi hættulegir eiginleikar sem tilgreindir eru í III. viðauka	
		B1120-B1130	
		B1150-B1240	
		B2010-B2040	
		B2060-B2120	
		B3010 nema: — tetraflúoretýlen/ perflúorvínyleter (PFA) — tetraflúoretýlen/ perflúormetýlvínyleter (MFA)	
		B3020-B3030	
		B3040-B3060	
		B3070-B3130	
	B3140		
		B4010-B4030 ⁶⁶	